

**Fagdeild fjölmeningarfélagsráðgjafa**  
Skýrsla vegna starfsársins 2023-2024 (maí 2023 – apríl 2024)

Síðastliðið starfsár hafa eftirfarandi aðilar verið í forsvari fyrir fagdeild Fjölmeningarfélagsráðgjafa: Ragna Dögg Þorsteinsdóttir, María Kristjánsdóttir og Jódís Bjarnadóttir (ákveðið á fundi fagdeildar 7.6.2023). Fleiri mættu á reglulega fundi fagdeildarinnar og komu m.a. að skipulagningu bæði málþings sem haldið var í nóvember og skipulagningu málstofu á Félagsráðgjafafönginu í febrúar. Að skipulagningu viðburðanna komu ásamt þeim sem eru í forsvari þær Edda Ólafsdóttir, Hildur Aðalsteinsdóttir, Jóhanna Vilborg Ingvarsdóttir, Helen N Wolimbwa og Elísabet Gunnarsdóttir.

Reglulegir fundir hafa verið haldnir bæði rafrænar fundir og staðfundir þar sem tímanum hefur að mestu verið varið í að skipuleggja viðburði á vegum fagdeildarinnar. Þann 23. nóvember sl. hélt fagdeildin málþing á Grand hotel en yfirskrift málþingsins var “Heimurinn er hér – um málefni flóttafólks á Íslandi”. Húsfyllir var á málþinginu og skapaðist góð og gagnleg umræða um málefni flóttafólks á Íslandi.

Fagdeildin stóð einnig fyrir *tveimur* málstofum á Félagsráðgjafafönginu í febrúar. Yfirskrift málstofanna var “Úr einsleitni í margbreytileika” og „Félagsráðgjöf og mansal: þolendamiðuð nálgun“. Í málstofunni úr einsleitni í margbreytileika var m.a. yfir rannsókn um reynslu félagsráðgjafa af vinnu með flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd og félagsráðgjafar af vettvangi sögðu frá þróun í málaflokknum. Í málstofunni um félagsráðgjöf og mansal var fjallað um stöðu mansalsmála á Íslandi og sett í samhengi við stöðuna í heiminum öllum. Farið var yfir skipulag vinnu tengda mansali á Íslandi og frá ferð til Þýskalands, sérstakri hermíþjálfun í mansalsmálum á vegum ÖSE þar sem tveir félagsráðgjafar ásamt fleirum tóku þátt í.

Í febrúar fóru þær Jóhanna Vilborg og Jódís með Steinunni Bergmann til samtals við fulltrúa Dómsmálaráðuneytisins en tilgangur fundar að fara yfir mikilvægi félagsráðgjafa í hinum ýmsu störfum á vegum stofnana ríkisins og sérstaklega var rætt um mikilvægi stéttarinnar í undirstofnunum Dómsmálaráðuneytisins. Lögðum við áherslu á mannúðlega og barnvæna nálgun hjá t.d. stofnunum eins og Útlendingastofnun og Ríkislögreglustjóra.

Í maí er í bígerð morgunverðarfundur þar sem boðað verður til samtals um málaflokkinn, óskað eftir fleirum til að taka virkan þátt í fagdeildinni, lagður verður grunnur að starfsári næsta vetrar og stutt innlegg verða um það sem helst er á döfinni í málaflokknum.

f.h. fagdeildar fjölmeningarfélagsráðgjafa  
Jódís Bjarnadóttir